

Borgarstjórn
17. mars 2020

Tillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflökks Íslands um vaxtalaus greiðsludreifingu tímabils- og afsláttakorta hjá strætó

Reykjavíkurborg samþykkir að beita sér fyrir því að boðið verði upp á vaxtalaus greiðsludreifingu á tímabils- og afsláttarkortum hjá Strætó bs. Það er hagstæðast fyrir þá sem reiða sig á strætó dagsdaglega að fjárfesta í tímabilskortum sem gilda til lengri tíma í senn í stað stakra mánaðarkorta. Sem dæmi þá kostar árskort 76.700 krónur en skiljanlega eiga ekki allir fyrir slíkum fjárútlátum. Strætó bs. býður upp á greiðsludreifingar í gegnum fyrirtækið Borgun en viðkomandi greiðir alltaf gjöld fyrir slíkt. Sé t.d. samið um greiðsludreifingu á árskort er í minnsta lagi hægt að dreifa kostnaðinum yfir níu mánuði sem gerir það að verkum að heildarkostnaðurinn verður 86.490 krónur, sem er 9.790 krónum dýrara en upphaflegt verð árskortsins. Þá býður Strætó bs. einnig upp á tímabilskort sem gilda skemur en eitt ár, nemakort og önnur afsláttarkort þar sem skiljanlegt er að einstaklingar þyrftu að geta dreift kostnaðinum yfir á fleiri en einn mánuð. Því er lagt til að horfið verði af þeirri braut að greiðsludreifing á strætókortum fela í sér aukinn kostnað. Það kostar sitt að eiga ekki fyrir stórum útgjaldaliðum og það er mikilvægt að auka gjaldtaka bætist ekki ofan á samgöngukostnað þeirra sem hafa lítið á milli handanna.

Greinargerð:

Það er dýrt að vera fátækur og að búa við blankheit og fyrir þá sem treysta algjörlega á strætó til þess að komast allra leiða sinna er lang hagstæðast að kaupa strætókort til lengri tíma en mánaðar í senn til þess að komast leiða sinna. Skiljanlega geta ekki allir lagt út fyrir svo háum upphæðum sem t.d. árskort eða sex mánaða strætó kort kostar. Sé farin sú leið að taka greiðsludreifingu í gegnum Borgun, bætast vextir ofan á heildargreiðsluna og kostnaðurinn verður enn meiri eftir því sem greiðslum er dreift yfir á fleiri mánuði. Þeir sem eiga ekki fjármagn fyrir stórum útgjaldaliðum þurfa sífellt að greiða hærra verð fyrir sömu þjónustu og aðrir sem geta lagt út fyrir heildargreiðslunni. Það er því nauðsynlegt að bregðast við og tryggja að engin auka gjaldtaka bætist ofan á samgöngukostnað þeirra sem hafa lítið á milli handanna.

Mánaðarkort hjá Strætó bs. fyrir fullorðinn einstakling kostar 13.100 krónur. Strætó bs. býður þeim sem eru með aðgang að snjalltæki að virkja svokallaða „app áskrift“ í símtæki sínu sem gerir þeim kleift að fá þriðja hvern mánuð frían. Ef viðkomandi gerist áskrifandi að slíku afsláttarkerfi þá greiðir hann fyrir tvö mánaðarkort í röð og þá fæst þriðji mánuðurinn frír. Þrátt fyrir það er samt sem áður talsverður munur á tilboðinu sem nefnist „app áskrift“ og árskort. Ef viðkomandi greiðir app áskrift yfir heilt ár, þá greiðir hann 104.800 krónur yfir árið en árskort er 28.100 krónum ódýrara.

Afsláturinn sem felst í app áskrift hentar vissulega mörgum en ekki þeim sem vilja leitast við að kaupa ódýrasta kostinn en hafa ekki efni á því að leggja út fyrir honum. Fyrir þau sem styðjast við greiðsludreifingu í gegnum Borgun þá greiða þau alltaf auka gjald. Sé lítið til árskortsins sem var áður nefnt og skipt niður á níu mánuði, þá ber slík greiðsludreifing með sér aukakostnað upp á 9.790 krónur. Sé greiðslu kortsins skipt niður á tólf mánuði, þá eykst kostnaðurinn og viðkomandi greiðir 12.128 krónur fyrir greiðsludreifinguna og endar því með að greiða 88.828 fyrir árskort er sitt.

Sé tekið dæmi af nemakortum fyrir 18 ára og eldri þá kostar 3.099 krónur að skipta sex mánaða nemakorti fyrir 18 ára og eldri í gegnum greiðsludreifingu Borgun, niður á 2 mánuði. Þá greiðir nemandinn 17.214 krónur fyrsta mánuðinn og 16.285 krónur næsta mánuðinn fyrir strætókort er sitt sem er eitthvað sem að margir fátækir nemendur hafa ekki efni á. Vilji þeir skipta kostnaðinum niður á fleiri mánuði svo að þeir greiði ekki hlutfallslega eins mikið af innkomu sinni í samgöngukostnað þessa tvo mánuði og dreifa kostnaðinum t.d. niður á sex mánuði þá

er heildarkostnaðurinn vegna greiðsludreifingarinnar orðinn 5.312 krónur og greiðslubyrði á mánuði er þá á meðaltali 5.952 krónur á mánuði.

Inni á raðgreiðsluvef Borgunar þarf að veita samþykki fyrir því að Borgun kanni lánsþæfismat hjá Creditinfo vegna umsóknar um raðgreiðslusamning og vakti jafnframt lánsþæfismat meðan raðgreiðslusamningur er í gildi. Strætónotendur sem hafa lítið á milli handanna eiga ekki að þurfa að greiða auka gjald fyrir greiðsludreifingu á strætókortum sínum. Það er hlutverk okkar í sveitarstjórnnum að tryggja auðvelt aðgengi fólks að samgöngum og ryðja efnahagslegum hindrunum þar úr vegi.